

Nd.

148. Nefndarálit

um frumvarp til laga um eignarnám á Andakílsfossum og landspildum við Andakílsá til vatnsvirkjunar (þskj. 72).

Frá vatnamálanefnd.

Nefndin litur að visu svo á, að heimildir til eignarnáms slíks, sem frv ræðir um, sjeu fólgnar í núgildandi lögum, en fellst á ástæður flutningsmanna fyrir því, að rjett muni alt að einu að fá sjerstaka lagaheimild til þess. En þá þykir nefndinni rjettara, að þau lög taki yfir alt það eignarnám, sem þarf til

fyrirtækis þess, sem um ræðir, og er ljóst, að til virkjunar fossanna og til raforkuveitu þaðan um hjeruðin þarf heimild til eignarnáms á ýmsu fleiru en frv. tekur til. Jafnframt þykir nefndinni rjett, að það sje beinlínis ákveðið í lögnum, hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi, til þess að eignarnámsheimildina megi nota, og telur sjálfsgagt, að til þess þurfi ákvörðun sýslunefndanna um að verkið skuli framkvæmt, og samþykki ráðherra til þeirrar ákvörðunar, eins og gert er ráð fyrir í frv. til vatnalaga, sem nú liggur fyrir þinginu, 59. gr.

Nefndin hefir orðað breytingartillögur sínar eftir tilsvareandi greinum í vatnalagafrv. stjórnarinnar (59., 49. og 55. gr.), og þykir rjett að geta þess, að þær geta samrýmst hvorri skoðuninni, sem ofan á kann að verða, um rjett landeiganda (vatnsbotnseiganda) til vatnsins á landi hans.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um eignarnám á vatnsrjettindum í Andakilsá o. fl.

2. 1. gr. frv. orðist svo:

Sýslunefndunum í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu er heimilað að taka eignarnámi vatnsrjettindi í Andakilsá og Skorradalsvatni og landspildur við Andakilsá og Skorradalsvatn, svo sem þarf til virkjunar á Andakilsfossu.

Heimild þessi kemur til framkvæmda þegar sýslunefndirnar hafa ákveðið að koma upp vatnorkuveri við fossana og raforkuveitu þaðan út um sýslurnar og fengið samþykki ráðherra til fyrirtækisins.

3. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2 gr., svo hljóðandi:

Heimild sú, er ræðir um í 1. gr., er takmörkuð á þann hátt, að enginn sje með virkjuninni sviptur vatni, sem hann þarf að nota til heimilis- og búsparfa eða til áveitu í ræktunarskyni, nje neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, nje vatni, er nota þarf með þeim hætti, spilt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

4. Á eftir þeirri gr. komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:

Þegar ráðherra hefir veitt samþykki samkv. 1. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki.

5. 2. gr. frv. verði 4. gr.

Alþingi, 14. mars 1921.

Sveinn Ólafsson,
form.

Eiríkur Einarsson,
ritari.

Jón Þorláksson,
frams.m.

Bjarni Jónsson frá Vog.

Þorleifur Jónsson.

Jakob Möller.